Presthús á Kjalarnesi:

Deiliskráning vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Gylfi Helgason

Reykjavík 2019
FS760-19251

Fornleifastofnun Íslands ses

Ljósmynd á forsíðu er af huldufólksbústaðinum Sleggju GK-292b:015

Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2019
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Samantekt

Nú er unnið að þróun hugmynda um uppbyggingu í landi Presthúsa á Kjalarnesi. Ekki er enn fullljóst um hvers lags uppbyggingu verður að ræða, en líklegast er að þarna rísi einhvers konar íbúðabyggð í bland við þjónustu og/eða ferðaþjónustu. Ekki er vitað hvenær Presthús byggist úr landi Hofs en hún er í það minnsta komin í byggð um 1700 og var í slitróttri byggð eftir það, allt fram til 1946 þegar hún féll endanlega í eyði. Sumarbústaðabyggð var í heimatúni Presthúsa frá 5. áratug 20. aldar og risu þar fjórir bústaðir en þeir voru allir nema einn rifnir á 10. áratug síðustu aldar og hefur landið ekki verið nýtt síðan nema hvað tún voru hirt framan af.

Deiliskipulagsreiturinn sem tekinn var út á haustdögum 2019 er ríflega 27 ha stór og nær yfir samfellt svæði. Úttektarsvæðið er í raun allt gamla eignarland Presthúsa, bæði heimatún og úthagar að merkjum við Brautarholt/Nesvík og Hof/Bakkakot. Alls voru skráðar 26 minjar innan svæðis. Minjarnar voru af ýmsum toga, meðal annars bæjarstæði Presthúsa, kálgarðar, traðir, huldufólksbústaður, varða og naust. Við þróunarvinnu svæðisins er gert ráð fyrir því að taka tillit til minjastaða eins og hægt er.

Efnisorð

Fornleifaskráning, deiliskráning, Presthús, Kjalarnes

Summary

This report presents the results of a detailed survey carried out on a 27 ha assessment area in Presthús, Kjalarnes. The work was done in advance of possible future development of the area. Presthús was a tenant farm from Hof and the earliest mention of the farm in written sources is c 1700, but it is most likely of older origin. Presthús was situated close to the boundary of Brautarholt, a large and a well-to-do farm, and partly belonged to it in the 19th and 20th centuries. Presthús was uninhabited on and off through the centuries and was fully abandoned in 1946. A few summerhouses were built on the property in the 1950s; they have since been demolished apart from one, which currently stands empty.

The proposed development area covered the land that belonged to Presthús, both the homefield and outfields. Within the assessment area, 27 sites were identified. The sites were of various kind, including the farmstead itself, vegetable gardens, folklore sites, a route, a cairn and a boathouse. The aim of the developer is to try minimise any potential impact on the archaeology whilst designing the area.

Keywords

Archaeology, detailed survey, development, Presthús, Kjalarnes

Efnisyfirlit

1 Inngangur 8

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf 11

3 Aðferðir við fornleifaskráningu 13

4 Fornleifaskrá 15

5 Samantekt um sögu og fornleifar innan deiliskipulagsreits 40

Landshættir á úttektarsvæði 41

6 Fornleifar innan deiliskipulagsreits 45

Lokaorð 47

Heimildaskrá 48

Viðauki:

Hnitaskrá ISN93

Kort af úttektarsvæðinu og minjum innan þess

1 Inngangur

Á haustdögum 2019 hafði framkvæmdastjóri og eigandi Kjalarness ehf. kt. 440406-0840, Kristinn Gylfi Jónsson sem var með samþykkt kauptilboð í jörðina Prestshús á Kjalarnesi, samband við Fornleifastofnun ses og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér skráningu á fornleifum á 27 ha deiliskipulagsreit á Presthúsum á Kjalarnesi, Reykjavík (mynd 1). Ástæðan er sú að þar er að hefjast hugmyndavinna varðandi framtíðarnýtingu svæðisins og uppbyggingu innan marka reitsins. Svæðið sem um ræðir nær yfir allt það land sem áður tilheyrði hjáleigunni Presthúsum.

Úttektarsvæðið markast af sjó að suðaustan og suðvestan en að norðvestan ræður merkjalína milli Nesvíkur og Presthúsa (en merkin voru áður á milli höfuðbýlanna Hofs og Brautarholts) allt að Heiðvíkurlæk sem var á merkjum Presthúsa og Bakkakots (nú Lykkju) og markar norðurhlið úttektarsvæðis (mynd 2). Áður en deiliskráning hófst 2019 hafði Borgarsögusafn aðalskráð minjar í Presthúsum á vettvangi en skráningin var óútgefin. Anna Lísa Guðmundsdóttir, fornleifafræðingur hjá Borgarsögusafni, veitti góðfúslegt leyfi til að nota óútgefin skráningargögn



Mynd 1: Úttektarsvæðið merkt inn á Íslandskort sem rauður punktur kortinu. Grunnkort Gísli Pálsson



Mynd 2: Yfirlit yfir úttektarsvæðið. © Loftmyndir efh

við yfirferðina til hagræðis og samanburðar. Eru Önnu Lísu og Borgarsögusafni færðar kærar þakkir fyrir veitta aðstoð og liðlegheit.

Áður en vettvangsskráning hófst var farið yfir tiltækar heimildir um Presthús ásamt loftmyndum og vettvangsskráning undirbúin. Svæðið var skráð á vettvangi í september 2019. Við vettvangsskráningu var farið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum, hvort sem heimildir voru um minjar eða ekki. Allar sýnilegar minjar voru auk þess mældar upp. Áður en gengið var um svæðið var rætt við Kristinn Gylfa Jónsson sem þekkir svæðið og fær hann þakkir fyrir veitta aðstoð. Gylfi Helgason sá um yfirferð heimilda og hann auk Elínar Óskar Hreiðarsdóttur unnu vettvangsskráningu, úrvinnslu og skýrslugerð saman.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í henni er að finna upplýsingar um allar þekktar minjar innan deiliskipulagssvæðis. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskipulagssvæðinu annars vegar og hins vegar helstu niðurstöður fornleifaskráningar innan

deiliskipulagsmarka. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar

hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Að öllu jöfnu ræður því skipting jarða um miðja 19. öld ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Presthús voru ekki í byggð þegar jarðabókin var tekin saman 1847 en bæði á undan og á eftir. Því var ákveðið að gefa jörðinni b númer undir þeirri jörð sem hún byggist frá, þ.e. Hofi (GK-292) til hagræðis. Hverjum minjastað er síðan gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-292b:001 Presthús, bæjarhóll). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um…“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis „stórhættu vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Það er þó ljóst að hægt ætti að vera að hlífa mörgum minjastaðanna sé tillit tekið til fornleifa á skipulagsstigi eins og til stendur að gera og aðgát er höfð við framkvæmdir. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

4 Fornleifaskrá

GK-292b Presthús



Túnakort sem sýnir heimatún Presthúsa eins og það var árið 1916. Á kortið er merkt bæjar- og útihús ásamt kálgarði, túngarði og tröðum eins og hún var á þessum tíma: Túnakort: Þjóðskjalasafn Íslands.



Túnakort Presthúsa frá 1916 varpað ofan á loftmynd af sama svæði. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Sögulegar heimildir
1704: Sögð hjáleiga Hofs (GK-292) og „Dýrleikinn áður talinn með parti þeim er Hendrich á býr.“ JÁM III, 357. Þar kemur einnig fram að eignarhalds Hofs, sem er nokkuð flókið. Tveir merktarmenn í Skaftafellssýslu (Vigfús og Magnús Ísleifssynir) eiga 22 hundraða hlut í Hofi, ekkjan Hólmfríður Snorradóttir (sem býr annars staðar) átti þá 8 hdr og Kolbeinn Snorrason (einnig búsettur annars staðar) 2 hdr. Samanlagt virðist því Hof metin á 33 hdr. og reiknast þar í hjáleigurnar Grófartún (292:038) og Prestshús (292b).
1847: Jörðin talin sem eyðihjáleiga frá jörðinni Borg GK-302, JJ, 98
1861: Jarðardýrleiki (forn) óþekktur en nýr er 1.7 (skráð sem lögbýli), samkvæmt NJB, 43,
Manntöl: Jörðin kemur fyrir í manntali 1703, en hennar er ekki getið í manntölum 1816, 1835, og 1840. Hennar er síðan samfellt getið í manntölum 1855-1910. Hún kemur ekki fram í manntali 1920. Jörðin tilheyrir Brautarholti GK-297 í Fasteignamati Kjósarsýslu 1916–1918, 56
Jörðin lagðist í eyði 1946 samkvæmt Kjalnesingum, 187. Þar segir enn fremur að landið sé nýtt undir sumarbústað og tún ræktuð sem og nýtt.

Landshættir og gæði
1916: Tún 17 ha. Sléttað nokkuð og greiðfært. Kálgarðar 550 m2.

GK-292b:001 *Prestshús* heimild um býli A 360868 N 417598

Presthús 001, horft til ANA

Ekki er vitað hvenær hjáleigan Presthús byggist fyrst úr landi Hofs en hún er a.m.k. í byggð 1703 þegar Jarðabók Árna og Páls er gerð. Í henni segir: „Prestshús, önnur hjáleiga af þessum sama parti [parti Ísleifsson 33 hdr]. Dýrleikinn áður talinn með parti þeim er Hendrich á býr. Ábúandi er Guðmundur Ólafsson. Landskuld I álnir.“ Samkvæmt Jarðabókinni voru ábúendur á hjáleigunni þrír 1703. Í Jarðatali Johnsens er Presthús talin eyðihjáleiga frá jörðinni Borg (GK-302). Presthús eru sýnd á túnakorti frá 1916. Þá virðist bærinn samanstanda að þremur sambyggðum húsum sem snúa norðaustur-suðvestur og virðast timburgaflar/dyr á vesturhlið. Áfastur kálgarður hefur verið að suðvestan og suðaustan. Í fornleifaskráningu eru bær og kálgarður skráð undir sama númeri. Samkvæmt bókinni Kjalnesingar var nýtt, steinsteypt hús byggt í Presthúsum 1927 en búskap lauk

í Presthúsum 1946 samkvæmt sömu heimild. Presthús voru við vestanverða Hofsvík um 1,3 km suðvestan við Hof en um 1,1 km SSA við Brautarholt. Samkvæmt túnakorti stóð bærinn ríflega 20 m sunnan við sjávarbakkann. Samkvæmt færslu Söguhópsins Steins á Facebook hefur eldri bær brotnað í sjó en jafnvel þó að bærinn hafi staðið nær sjó í upphafi 20. aldar þá var hann meira en 20 m frá sjávarbakkanum og þannig að ekki virðist það eiga við þann bæ. Hvort vitneskja er innan hópsins um enn eldri bæjarstæði er ekki vitað. Borgarsögusafn skráði staðinn undir númerunum 125660–89 til 93.

Engar leifar sjást nú um eldri bæ í Presthúsum og ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól. Líklega hefur steypt íbúðarhús sem byggt var á svæðinu 1927 afmáð merki eldri bæjar. Þau tún sem voru ræktuð í Presthúsum 1916 (samkvæmt túnakorti) eru nú í órækt. Þau voru í aflíðandi halla til suðvesturs. Síðar (um 1970) voru aðaltún jarðarinnar samkvæmt Kristni Gylfa Jónssyni

Presthús 001, horf til norðurs

heimildamanni á flötunum norðan og norðaustan við hæðirnar, nyrst á jörðinni, líklega samtals um 6 hektarar og síðan suður og suðaustur af hæðunum. Fíngert melgresi vex að hluta á svæðinu.
„Baðstofa og göng," segir í Fasteignamati Kjósarsýslu 1916–1918. Samkvæmt túnakorti var bærinn 12–13 x 8 m stór og kálgarðurinn sem skráður er með bænum 24 x 21 m. Sem fyrr segir stóð torfbær í Presthúsum 1916 en hann var rifinn og nýtt hús byggt 1927, sem nýtt var sem sumarbústaður eftir að búskap lauk á jörðinni og var lengst af aðal sumarbústaðurinn á svæðinu. Samkvæmt Kristni Gylfa stóð það hús líklega í grunninn allt fram á 10. áratug 20. aldar; þótt það hafi að einhverju leyti líklega verið endurbætt og byggt við það, þó líklega ekkert eftir 1970. Talsverður grasvöxtur er á þessum slóðum og sker gróður þar sig úr umhverfinu. Umrætt svæði sem e.t.v. mætti kalla bæjarstæðið er samtals 43 x 27 m stórt og snýr NNA-SSV. Bærinn frá 1916 stóð fremur norðarlega á þessu svæði ef marka má túnakort frá þeim tíma og kálgarður suður og suðaustur af honum. Yngra íbúðarhús virðist svo byggt sunnan undir gamla bænum, þar sem kálgarðurinn er merktur á túnakortinu. Þegar yngri íbúðarhúsin voru rifin var ýtt talsvert út úr svæðinu og sér nú glitta í bera klöpp á þessu svæði að hluta. Eftir að húsið var rifið var og sáð í flagið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: JÁM III, 255, 256; Túnakort 1916; Herforingjaráðskort; JJ, 98; Fasteignamat Kjósarsýslu 1916-1918, 56; Kjanesingar, 187; Óútgefin skráning Borgarsögusafns, https://m.facebook.com/sogufelagidsteini/posts/1836151780040564

GK-292b:002 þúst útihús A 360846 N 417541

Yfirlitsmynd af syðri hluta heimatúns Presthúsa. © Loftmyndir efh

Útihús eru merkt inn á túnakort frá 1916 um 80 m SSV við bæ 001 og rúmum 40 m SSV við kálgarð 003. Á þessum stað sést nú óljós þúst sem sker sig úr umhverfinu vegna grænku. Borgarsögusafn skráði útihúsið undir númerinu 125660–92.

Þústin er innan heimatúns Presthúsa sem komið er í órækt. Til vesturs lítill trjálundur.

Þústin er nálega egglaga, 10 x 10 m að stærð. Þústin er um 0,2 m hærri en umhverfið og má vel greina ytri brún hennar en ekki sést móta fyrir innra brún veggja. Þústin er mjög áberandi vegna grænku.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1916; Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:003 garðlag kálgarður A 360868 N 417568
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1916 um 50 m SSV við bæ 001. Kálgarðurinn var um 80

m SSA við þann sumarbústað sem enn hangir uppi, ofan við tún Presthúsa. Borgarsögusafn skráði staðinn undir númerinu 125660–91.

Tún Presthúsa eru í aflíðandi halla til suðausturs en eru nú komin í órækt.

Kálgarður 003, horft til norðurs

Kálgarðurinn var 15 x 14 m stór en lítil sem engin ummerki sjást nú um hann í túninu sem komið er í órækt. Þó má greina örlitla hæðarbreytingu í túninu á einum stað, og passar hún vel við staðsetningu suðurveggjar kálgarðs samkvæmt túnakorti. Hryggurinn er um 3 m á lengd, um 1 m á breidd og 0,1 m á hæð en hverfur fljótt í óræktina. Hugsanlegt er að hægt væri að greina frekari ummerki um kálgarðinn að vetrarlagi eða snemma vors. Staðurinn var hins vegar skráður að haustlagi 2019. Þá var hann á kafi í gróðri og frekari minjar sáust ekki.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1916; Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:004 garðlag túngarður A 360831 N 417570
Túngarður afmarkaði heimatúns Presthúsa 001 nema til austurs, þar afmarkaði sjávarbakki túnið. Túngarðurinn er m.a. sýndur á túnakorti frá 1916. Nú (2019) sést aðeins móta fyrir vesturhluta garðsins. Borgarsögusafn skráði túngarðinn undir númerinu 125660–94.

Túngarðurinn skilur milli heimatúna Presthúsa sem komin eru í órækt og Presthúsahæða, mosagróinna hæða norðvestan við.

Aðeins er hægt að greina vesturhluta túngarðsins. Hann sést sem óljós en algróinn hryggur, 0,5 m á breidd og 0,2–0,4 m á hæð. Hryggurinn er 60 m á lengd og snýr nálega NNA-SSV. Hryggurinn hverfur til norðurs skammt sunnan við leifar af sumarbústað, en fjarar smátt og smátt út við rétt vestan við útihús 002 til suðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1916; Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:005 renna traðir A 360902 N 417624

Traðir 005, horf til ANA

Traðir eru merktar inná túnakort frá 1916 fast norðvestan við bæ 001og til NNA að sjó. Traðirnar eru um 77 m ASA við sumarbústað sem enn hangir uppi ofan við tún Presthúsa.

Tún Presthúsa eru í aflíðandi halla til suðvesturs en eru nú komin í órækt. Traðirnar liggja í gegnum grasi gróið svæði, að sjávarbakka en nokkuð bratt er ofan í fjöru frá enda þeirra. Norðvestan við traðirnar er bílslóði sem legið hefur í sneiðing upp brekkuna af túnunum fyrir neðan og annars vegar legið að sumarbústaðnum í Presthúsum og hins vegar sveigt upp að efri bústöðum.

Traðirnar eru tæplega 30 m langar. Þær eru um 1,5 m á breidd í botninn og bakkar þeirra eru aflíðandi. Norðvestari bakkinn er hærri og meira áberandi en sá suðaustari eða 0,8 m í stað 0,3–0,4 m. Svo virðist sem traðirnar séu niðurgrafnar ekki er að sjá hlaðna veggi meðfram þeim. Norðurendi þeirra er á sjávarbakkanum og er framhaldið, ofan í fjöru, bæði bratt og ógreiðfært. Nokkuð landbrot hefur verið á þessum slóðum og má vera að það skýri þetta.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1916

GK-292b:006 varða landamerki A 360581 N 417627
Stök varða er nærri merkjum Presthúsa og Nesvíkur. Varðan er um 300 m vestan við Presthús 001 en um 400 m norðaustan við efri sumarbústaðinn í Nesvík. Borgarsögusafn skráði vörðuna undir númerinu 125660–65.

Varðan er á klapparholti á Presthúsahæð en norðvestan hennar er sund og þar liggur gamla merkjagirðingin milli Presthúsa og Nesvíkur (voru áður merki milli Brautarholts og Hofs). Varðan stendur á hæsta punkti klapparholtsins.

Varða 006. Á vinstri mynd er horft til NNV og þeirri hægri til norðurs

Varðan er aðeins ílöng norður-suður og er um 1,5 x 1 m að stærð. Hún er nú um 0,4 m á hæð og í henni sjást 3–4 umför en greinilegt er að talsvert hefur hrunið úr henni. Botn hennar er mosa- og grasi vaxin. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en sú staðreynd að landamerkjagirðing er 15 m norðvestar bendir helst til að hún hafi markað landamerki.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:007 tóft útihús A 360850 N 417634
Lítil, tvískipt tóft er á hæð um 45 m NNV við bæjarstæði Presthúsa 001 og tæpa 30 m ASA við sumarbústað sem enn hangir uppi, ofan við túnin í Presthúsum. Tóftin hefur verið rétt fyrir utan túnjaðar eins og hann er sýndur á túnakorti frá 1916. Borgarsögusafn skráði tóft undir númerinu 125660–64.

Yfirlitsmynd af hluta minja sem eru norðvestan við heimatún Presthúsa. © Loftmyndir efh

Tóftin er á lágri hæð, ASA við tekur við brekka að Presthúsum en ofan við er lá klöpp og þar ofan við sumarbústaður sem enn hangir uppi. Norðan við er svæðið afmarkað af sjávarbakkanum og skammt sunnan við vegslóði sem áður lá að sumarbústöðum. Hæðin er á kafi í snöggu grasi.

Útihús 007, horft til norðausturs

Á þessum stað eru tvö hólf sem kunna að hafa verið hluti af sömu tóftinni en ekki er það þó ljóst og mögulegt að hólfin hafi ekki verið sambyggð. Hér verða þau þó skráð saman en hvoru hólfi gefið númer til aðgreiningar. Samtals er svæðið 7,5–8 m á kant. Norðvestari tóftin eða hólfið, hólf I, er mun meira afgerandi og veggir þess allt að 1,2 m á breidd og 0,2 m á hæð. Það er 2,7 x 1,4 m að innanmáli og op hefur verið á því á suðvesturgafli. Hólfið er á kafi í grasi. Suðaustar er annað hólf minna, II. Það er 2 x 1 m að stærð og er op á suðvesturgaflinum. Veggir eru 0,9 m á breidd en ytri brún þeirra er ekki merkjanleg líkt og hólfið sé að talsverðu leyti niðurgrafin. Veggir þess eru mun óverulegri en hólfs I. Fast ofan við hólf I er niðurgröftur eða hola sem er 1,2 x 0,6 m og 0,3 m á dýpt. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegast hefur hún verið einhvers konar útihús.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:008 gerði kálgarður A 360878 N 417530
Greinilegur kálgarður er um 80 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 35 m austan við útihús 002. Garðurinn telst líklega ekki til fornleifa í lagalegum skilningi en var tekinn með í fornleifaskrá sem heimild um gamla matjurtaræktun Kjalnesinga. Borgarsögusafn skráði kálgarðinn undir númerinu 125660–63.

Garðurinn er frammi á grónum sjávarbakka, rétt sunnan við Presthúsatanga, í austurhluta óræktaðs heimatúns Prestshúsa.

Kálgarðurinn er ferhyrningslega, 15 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er torfhlaðinn og er mesta vegghæð til norðurs, 0,6 m en til annarra átta eru hleðslur mun signari og aðeins 0,2–0,3 m á hæð. Op er á kálgarðinum í norðvesturhluta hans. Óljóst má greina 2–3

Kálgarður 008, horf til norðausturs

beðasléttur í nyrðri hluta garðsins en syðri hluti hans er smáþýfður og einnig eru þar leifar rabbabararæktunar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:009 tóft naust A 360886 N 417689
Tóft sem líkist nausti er um 80 m norðan við bæ Presthús 001 og rúmum 70 m sunnan við mannvirki 010. Borgarsögusafn skráði tóftina undir númerinu 125660–62.

Naust 009, yfirlitsynd. © Loftmyndir ehf

Frammi á grónum sjávarbakka er grasigróin laut og í henni miðri er tóftin.

Naust 009, horft til vesturs

Tóftin er 7 x 5,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er alveg frammi á sjávarbakkanum og er mögulegt að hún hafi áður náð lengra til austurs og að hluti hennar sé þegar horfinn vegna landbrots. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og sjá má 2–3 umför af stæðilegu fjörugrjóti í hleðslum sem eru 0,6–0,8 m á hæð og eru þær stæðilegastar að norðanverðu. Veggir eru 0,5–1 m á breidd. Tóftin er einföld og opin til austurs, að sjó. Hún er grafin um 0,5 m inn í sjávarbakkann. Lögun og staðsetning tóftarinnar bendir sterklega til þess að hún sé af nausti.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:010 mannvirki óþekkt A 360910 N 417758
Brotakenndar leifar steypts mannvirkis eru um 160 m norðan við Presthús 001 og tæpum 20 m austan við leið 014. Mannvirkið er líklega á mörkum þess að teljast til fornleifa í lagalegum skilningi en fær að njóta vafans í skráningunni. Kristinn Gylfi Jónsson, heimildamaður, kannaðist ekki við mannvirki á þessum slóðum en lagði til að þarna gæti mögulega verið steypt naust. Bárujárn fer ekki að vera algengt efni hér á landi fyrr en eftir 1880 og eru steypuleifarnar yngri en það og líklega

Mannvirki 010. Á vinstri myndinni er horft til NNA og á þeirri hægri er horft til vesturs

frá fyrri hluta 20. Aldar. Borgarsögusafn skráði mannvirkið undir númerinu 125660–61. Mannvirkið á grónum sjávarbakka sem er að hluta til rofinn vegna landbrots.

Þar sem mannvirkið stóð er 7 x 6 m stór dæld sem snýr um það bil austur-vestur. Hún er um 0,5–1 m djúp og í grassverðinum er talsvert af steypubrotum. Allra austast í dældinni, á mörkum lands og fjöru, sést í rúmlega 1,5 m háan steypuvegg sem er hálf fallinn. Ekki er vitað hvaða hlutverki mannvirkið gegndi.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:011 tóft mógrafir A 360514 N 417411
Einföld tóft er um 420 m suðvestan við Presthús 001 og rúmum 40 m VSV við mógrafir 016. Borgarsögusafn skráði tóftina undir númerinu 125660–67.



Mókofi 011 og mógrafir 016, yfirlitsmynd. © Loftmyndir ehf

Tóftin er rétt vestan við gróið klapparholt, umhverfis er deiglendi.

Tóftin er einföld og ferhyrnd, 8,5 x 6,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru torfhlaðnir, 0,7–1 m á hæð, og standa best til austurs. Gengið hefur verið í tóftina að norðvestan en inngangurinn er nú samfallinn. Tóftin er rofin á stökum stað, einkum á suðurhlið. Miðað við lögun og staðsetningu tóftarinnar við mógrafir má telja líklegt að hún hafi verið geymslustaður fyrir mó, mókofi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:012 þúst óþekkt A 360967 N 417900
Óljós þúst er um 310 m norðan við Presthús 001 og tæpum 150 m norðan við mannvirki 010. Þústin er rétt sunnan við Heiðarvíkurlæk, á merkjum Presthúsa og Bakkakots. Borgarsögusafn skráði þústina undir númerinu 125660–69.

Þúst 012, yfirlitsmynd. ©Loftmyndir ehf

Þústin er á óræktuðu svæði, rétt vestan við gróinn sjávarbakka.

Þústin er mjög óljós. Hún er 10 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Þústin rís 0,5 m hærra en umhverfið. Í suðausturhorni hennar mótar fyrir 5 x 2 m stórri dæld sem snýr norðvestur–suðaustur og gæti það verið ummerki eftir hólf. Óvíst er hvers konar mannvirki kann að hafa verið á þessum stað og ekki er loku fyrir það skotið að þústin hafi myndast við nútímarask.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:013 *Langagjóta* heimild um huldufólksbústað
„Langagjóta er í klettinum utan við Presthús [001]; þar bjó huldufólk," segir í örnefnaskrá Brautarholts og í leiðréttingum við örnefnaskrá "Kríuflöt er suður af Prestshúsum, en Löngugjóta er þar fyrir neðan". Langagjóta er innnan deiliskipulagsreits en ekki tókst að staðsetja örnefnið

nákvæmlega. Að öllum líkindum er gjótan í klettum við sjó sunnan eða suðaustan við Presthús.

Heimildir: Ö-Brautarholt, 2, Ö-Brautarholt Aths. GJ, 2

GK-292b:014 gata leið A 360882 N 417703
Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1909, frá vegi GK-292:041 sem lá frá Hofi að Brautarholti og víðar. Vegurinn lá frá veginum að Brautarholti, fram hjá Bakkakoti og suður að heimatúnum Presthúsa þar sem hann endaði. Að sögn Kristins Gylfa Jónssonar, heimildarmanns, voru talsverðar vegbætur gerðar á þessum slóðum um miðbik 20. aldar (meðfram sjávarströndinni til Presthúsa) en líklega var þá gamli vegurinn að mestu endurbættur og notaður áfram. Á seinni hluta 20. aldar var svo gert nýtt vegstæði nokkru ofar, beint yfir það svæði sem áður var deiglendi en þá var ræst fram að mestu. Hægt er að greina ummerki vegarins rétt norðvestan við bæ 001, en nyrðri hluti hans er horfinn vegna landbrots.

Leið 014, yfirlitsmynd. © Loftmyndir ehf

Vegurinn liggur um gróið flatlendi, milli gróins sjávarbakka til austurs og framræst túns sem komið er í órækt til vesturs.

Vegurinn er um 250 m langur og 0,5–2 m breiður. Hann er ekki upphlaðinn. Syðri hluti vegarins er mjög greinilegur og þar er hann rúmlega 2 m breiður vegslóði með smávegis grjóti í. Eftir því sem norðar dregur (og nær Lykkjulandi) verður vegurinn óljósari og grónari. Hann endar við steypt hlið og þar norðan við virðist vegurinn algjörlega hafa horfið vegna landbrots.

Leið 014. Horft til norðurs á báðum myndum

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Hkort 27 NA

GK-292b:015 *Sleggja* náttúrumin huldufólksbústaður A 360864 N 417665



Sleggja 015, horft til norðvesturs

„Norðan í Presthúshæðinni er klettur í útliti eins og fiskisleggja og heitir Sleggja. Hér bjó huldufólk enda kjörnir bústaðir þess samkvæmt þjóðtrúnni," segir í Kjalnesingum. Sleggja er sérstæður klettadrangi sem gengur út úr Presthúsahæð um 65 m NNV við Presthús og ríflega 20 m vestan við fjöru.

Umhverfis er grasi gróin brekka sem hallar til norðurs að framræstum túnum. Klettabelti eru efst í brekkunni hér og þar. Sleggja er stakur klettadrangi og nokkuð áberandi.

Sleggja er um 2 m á hæð þar sem hún rís hæst. Hún er ‚sleggjulaga' og er neðri hluti hennar 1–1,5 m í þvermál en ‚sleggjuhöfuðið' ríflega 2 m í þvermál.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Kjalnesingar, 187

GK-292b:016 náma mógrafir 360380 417226
Mógrafir er um 380 m suðvestan við Presthús 001 og tæpum 40 m ANA við tóft 011. Borgarsögusafn skráði mógrafirnar undir númerinu 125660–66.

Mógrafirnar eru í deiglendi sem afmarkast af grónum klettahryggjum til allra átta nema vesturs, þar er óræktað svæði.

Mógrafir 016, horft til ANA

Mógrafirnar eru á svæði sem er 70 x 40 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Erfitt er að áætla fjölda grafa innan svæðisins vegna stærðar þess, en þær skipta sennilega tugum. Allflestar þeirra eru ferhyrndar, 6 x 5 m að stærð og snúa norður-suður. Grafirnar eru 0,5–1,5 m djúpar. Vatn er í botni flestra grafanna en í sumum þeirra vex stör, einkum þær sem eru á norðvesturhluta grafanna

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Óútgefin skráning Borgarsögusafns

GK-292b:017 náma mógrafir A 360551 N 417416
Stórar mógrafir eru um 630 m suðvestan við Presthús 001 og tæpum 70 m suðaustan við tóft 026. Borgarsögusafn skráði grafirnar undir númerinu 125660–68.

Grafirnar eru í deiglendi sem markast af sjávarbakka til austurs og suðurs og grónum klapparholtum til norðurs og vesturs.

Mógrafirnir eru um 80 x 70 m stórar og snúa nálega austur-vestur. Erfitt er að áætla fjölda mógrafa, en þær skipta sennilega nokkrum tugum. Mógrafir norðvestast á svæðinu eru flestar nokkuð reglulegar, ferhyrndar og gjarnan 4x4 m að stærð og 0,5 m djúpar. Þær eru margar enn blautar. Mógrafir á suðausturhluta svæðisins eru hins vegar byrjaðar að renna saman og er botn þeirra þurr en gróinn stör sem og öðrum votlendisgróðri.



Mógrafir 017, yfirlitsmynd. © Loftmyndir ehf

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-292b:018 hús skemma A 360806 N 417640
Lítill kofi og kálgarður við hann er ofan við (norðvestan) þann sumarbústaði í Presthúsum sem enn hangir upp. Mannvirkin eru ríflega 80 m vestan við bæjarstæði Presthúsa 001.

Minjar 018, yfirlitsmynd. © Loftmyndir ehf

Hús 018, horft til NNV

Kofinn er byggður inn í brekkuna vestan við og hefur að öllum líkindum verið einhvers konar geymsla. Fast norðaustan við hann eru kálgarðsleifar í sömu brekku. Á lóðamörkum hafa verið gróðursettir runnar hér og þar.

Líklegast er að bæði kofi og kálgarður tengist sumarbústaðnum beint neðan við og séu ekki gerðir fyrr en 1940–1950. Sé sú raunin teljast þessar minjar ekki til fornleifa í laganna skilningi né njóta friðunar sem slíkar. Þær voru engu að síður teknar með á fornleifaskrá enda báðar byggðar að gamalli hefð en eru hér skráðar undir einu og sama númerinu (en fá þó undirnúmer til aðgreiningar).

Minjar 018, horft til austurs

Kofinn (I) er byggður inn í brekkuna að mestu en gróflega áætlað er hann 6 x 6 m stór að utanmáli. Timburþil er fyrir suðausturhlið og á því eru dyr í miðju og gluggar til beggja hliða. Veggir kofans hafa hrunið inn að talsverðu leyti og virðist hann hafa verið mjög lágreistur. Talsvert af timbri og rusli er inni í kofanum en þar er enn hægt að sjá hillur sem hafa verið eftir suðvesturlangvegg endilöngum. Innanmál hússins hefur verið 4-5 x 3– 4 m. Það, ásamt byggingalagi og staðsetningu

bendir til að kofinn hafi verið geymsla af einhverri tegund. Fast norðaustan við kofann hefur verið lítill kálgarður í brekkunni (II). Hann er 12 x 7 m stór og hefur snúið norðaustur-suðvestur. Að stærstu leyti hefur hann verið stunginn út úr brekkunni en greinileg garðhleðsla (0,8 m á breidd en 0,4 m á hæð) markar garðinn að ofanverðu. Á henni er girðing sem verið hefur á lóðamörkum og nær garðurinn og girðingin áfram einhverja metra til norðausturs þar sem kálgarði sleppir. Hryggir marka af norðaustur- og suðvesturhliðar kálgarðsins, líklega að mestu uppkast sem stungið hefur verið upp úr garðinum. Sú hlið sem snýr að sumarbústaðnum er aðeins brún í brekkunni og lækkar landið um ríflega 1 m niður að bústað.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-292b:019 garðlag áveita A 360790 N 417414
Veigalítið garðlag er um 210 m SSV við Presthús 001 og rúmum 30 m austan við þúst 021.

Garðlag 019 og þúst 021, yfirlitsmynd. © Loftmyndir ehf

Garðlagið liggur í gegnum slétt, en smáþýft deiglendi rétt norðan við gróinn sjávarbakka. Til norðurs og austurs rennur smálækur út í sjó.

Garðlagið er 27 m á lengd og snýr nálega norður-suður. Garðlagið er torfhlaðið og sést pæla vestan við það. Garðurinn er mest um 0,3 m á hæð og 0,3–0,6 m á breidd. Hann afmarkar deiglendi sem er fast vestan við vatnslítinn læk og gæti verið ummerki um einhvers konar áveitugarð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-292b:020 tóft óþekkt A 360688 N 417705

Lítil, ferhyrnd tóft eða gerði er 230 m VNV við bæjarstæðið í Presthúsum 001, norðan í Presthúsahæð. Tóftin er vestan undir klettadranga sem þar gengur undan brekkunni.



Tóft 020 og þúst 022, yfirlitsmynd. © Loftmyndir ehf

Tóftin er byggð á aflíðandi syllu í brekkurótum Presthúsahæðar og er í skjóli að sunnnan og austan. Deiglent var áður norðan hennar en mýrin var ræst fram á 20. öld þótt þau tún séu nú komin í órækt.

Tóftin er 5,7 x 5,2 m að stærð og liggur svolítið skáhallt á brekkuna. Innanmál hennar er 2 x 3 m. Hugsanlega hafa verið op á henni bæði á norðvesturvegg og norðarlega á vesturvegg. Veggir eru grasi grónir og hvergi sést nokkurt grjót í tóftinni. Veggir eru 1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Ekki er vitað í hvaða tilgangi tóftin var hlaðin.

Tóft 020. Á vinstri myndinni er horft til NNA og á þeirri hægri til austurs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-292b:021 þúst óþekkt A 360755 N 417407
Illgreinanleg þúst er um 230 m SSV við Presthús 001 og tæpum 30 m vestan við garðlag 019. Ekki er hægt að útiloka að hin meinta þúst sé náttúrusmíði, hún virðist þó of regluleg til að það sé líklegt.

Þúst 021, horft til NNA

Þústin er í grónni laut, ofarlega á algrónu klapparholti.

Þústin er illgreinanleg og sokkin. Hún virðist einföld, er U-laga og 4x4 m að stærð. Hún er opin til suðaustur, í átt að sjó. Ekkert grjót sést í þústinni og er hún mikið sigin, 0,1–0,2 m á hæð. Ekki er vitað í hvaða tilgangi þústin var gerð en staðsetning hennar og lögun gæti bent til að hún hafi verið lítið naust.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-292b:022 þúst óþekkt A 360737 N 417712
Aflöng dæld, mögulega sigin og úr lagi gengin tóft, er um 185 m norðvestan við bæjarstæði Presthúsa 001 og innnan við 7 m austan við vegslóða sem áður lá frá aðalvegi niður í Nesvík og að Presthúsum. Raflína gengur fast suðaustan við þústina.

Þúst 022, horft til norðausturs

Þústin er í brekkurótum neðan eða norðan við Prestshúsahæð en sunnan við framræst tún sem nú eru komin í órækt. Hún er á kafi í grasi.

Á þessum stað eru afar óljós ummerki og ekki fullvíst að um eiginlegar mannvistarleifar sé að ræða, þótt ummerkin virðist helst til of regluleg til að vera náttúrusmíði. Þústin er 16 x 6,5 m að stærð, aflöng og snýr ANA-VSV. Ekki er ljóst hvort hún kann að hafa skipst í hólf eða hvort og hvar op kunna að hafa verið á henni. Hinir meintu veggir eru um 1,5 m á breidd en aðeins um 0,1–0,2 m á hæð. Ekki er vitað hvaða tilgangi þústin kann að hafa gegnt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-292b:023 garðlag óþekkt A 360798 N 417696
Óljóst garðlag er um 130 m norðvestan við Presthús 001 og rúmum 70 m ASA við þúst 022.



Garðlag 023, yfirlitsmynd. © Loftmyndir ehf

Garðlagið liggur rétt norðan við Presthúsahæðir. Til norðurs eru framræst tún sem komin eru í órækt.

Garðlagið er 12 m á lengd og snýr h.u.b. norður-suður. Garðurinn er grjóthlaðinn og sjást 1–2 umför á stæðilegu grasigrónu grjóti í bland við smágrýti í hleðslum sem eru 0,2–0,3 m á hæð. Garðurinn er rúmlega 1 m á breidd. Óvíst er með hlutverk garðsins og ekki er útilokað hryggurinn sé náttúrulegur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-292b:024 kantur óþekkt A 360661 N 417712
Óljós kantur, eða niðurgrafin dæld, er um 250 m norðvestan við Presthús 001 og rúmum 30 m vestan við tóft 020.

Kantur 024, yfirlitsmynd. © Loftmyndir ehf

Kanturinn er í brekkurótum Presthúsahæða. Til norðurs eru framræst tún sem komin eru í órækt og til norðvestur er golfvöllur.

Kanturinn er L-laga, 3,5 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er 0,3–0,5 m á hæð, hæstur til austurs. Í kantinum glittir í hleðslugrjót þótt engin skýr umför sé að ræða. Hlutverk kantsins er óljóst.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-292b:025 garðlag óþekkt A 360842 N 417485
Illgreinanlegt garðlag er rúmum 140 m sunnan við Presthús 001 og tæpum 80 m NNA við garðlag 019.

Garðlagið liggur á algrónu klapparholti, umhverfis óræktað svæðis.

Garðlagið er 18 m á lengd og snýr norður-suður í nálega beinni stefnu á um 13 m löngum kafla uns það sveigir til suðvesturs. Það heldur þeirri stefnu í 5 m þar til það hverfur í þýflendi. Garðurinn er torfhlaðinn, 0,3 m á hæð og rúmlega 0,6 m á breidd. Hann er skýrastur til norðurs, en syðri hluti hans sést aðeins sem óljós 0,1–0,2 m hár og gróinn hryggur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn

kann að hafa gegnt en hugsanlegt að hann hafi verið e-r vörslugarður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-292b:026 tóft mógrafir A 360339 N 417291
Lítil og einföld tóft er rúmum 640 m suðvestan við Presthús 001 og tæpum 40 m norðvestan við mógrafir 017.



Mókofi 026, yfirlitsmynd. © Loftmyndir ehf

Mókofi 026, horft til norðvesturs

Tóftin er ofarlega á grónu klapparholti, umhverfis er deiglendi.

Tóftin er einföld og er 3 x 3 m að stærð. Veggir eru torfhlaðnir en mikið sokknir og eru þeir 0,2 m á hæð og 0,5 m á breidd. Ekkert op er á tóftinni. Útlit og staðsetning tóftar, við mógrafasvæði 016 bendir helst til að hún kunni að hafa verið mókofi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Mókofi 026, horft til suðurs

GK-297 Brautarholt

GK-297:113 gerði kálgarður A 360266 N 417207

Gróinn kálgarður er um 1,4 km sunnan við Brautarholtsbæ 001 og rúmum 70 m suðaustan við tóftir 112. Garðurinn var upphaflega skráður í tengslum við deiliskráningu fornleifa í Nesvíkurlandi (innan Brautarholts) og var honum gefið fornleifanúmer undir Brautarholti. Í raun er hann innan lands Presthúsa, og innan núverandi deiliskipulags Presthúsa, skráð 2019. Hann er því tekinn með í þessa fornleifaskrá en fær að halda sínu gamla númeri undir Brautarholti.

Kálgarður 113, yfirlitsmynd. © Loftmyndir ehf

Gerðið er frammi á grýttum sjávarbakka, rétt sunnan við gróið klapparholt.

Kálgarðurinn er nálega ferhyrndur, 14x11 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Líkast til hefur gerðið náð lengra til suðvesturs en þar er það horfið vegna landbrots. Hleðslur eru signar og eru þær hæstar til norðausturs, 0,6 m og eru veggir 0,7 m á breidd. Þeir eru grjóthlaðnir og sjást 1–2 umför af stæðilegu grjóti. Innan garðsins mótar óljóst fyrir 1–2 beðum. Landamerkjagirðing milli Nesvíkur og Presthúsa liggur norðvestur-suðaustur yfir austurhluta garðsins.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

5 Samantekt um sögu og fornleifar innan deiliskipulagsreits

Presthús byggjast úr jörðinni Hofi. Ekki er ljóst hvenær hjáleigan kemst í byggð en hún er í það minnsta í byggð 1703 þegar manntal var gert. Fyrstu aldirnar má því reikna með að úttektarsvæðið hafi aðeins verið óskiptur hluti af úthögum Hofs og þá líklega m.a. notað fyrir útbeit en einnig er líklegt að svæðið hafi verið nytjað á annan hátt, þar var líklega tekinn mór og hugsanlega, a.m.k. á fyrstu öldum, hefur þar verið kolagerð og/eða skógtekja. Jörðin Hof á sér langa sögu. Hennar er getið í Landnámu sem segir frá því að Helgi bjóla, sem kom til Íslands frá Suðureyjum, hafi byggt þar bæ og numið land milli Mógilsár og Miðdalsár að ráði Ingólfs Arnarsonar.[1] Samkvæmt Kjalnesingasögu var landnám Helga enn stærra eða milli Leiruvogs og Botnsár.[2] Samkvæmt sögunni tók Þorgrímur sonur Helga við búi að Helga gegnum og lét reisa hið stóra hof í túninu.[3] Allar þær vísbendingar sem fá má um Hof úr fornum heimildum benda til þess að jörðin hafi byggst snemma og jarðgæði verið mikil. Saga jarðarinnar verður þó ekki rakin hér en þess í stað vísað í nýútkomna skýrslu um fornminjar í landi Hofs og Jörva.[4]

Bæjarheitið Presthús er áhugavert og ekki vitað hvernig það er til komið. Kirkja/hálfkirkja var á Hofi allt fram til 1600 og kirkja er enn í Brautarholti en ekki er víst að Presthús tengist kirkjuhaldi á öðrum hvorum staðnum þótt ekki sé það útilokað, enda gæti nafnið bent til að þar hafi prestur fengið að byggja sér lítið býli.[5]

Heimtur voru heldur rýrar við leit að upplýsingum um sögu Presthúsa í gegnum aldirnar í rituðum heimildum. Í Fornbréfasafni hafa varðveist nokkur bréf um eignarhald á Hofi á fyrri öldum en Presthúsa er sem fyrr segir hvergi getið svo vitað sé fyrr en í blábyrjun 18. aldar. Það þýðir þó ekki að hjáleigan gæti ekki verið talsvert eldri enda er hjáleigna og smábýla sjaldnast getið í elstu heimildum.

Presthúsa er fyrst getið í manntali 1703[6] og hjáleigan var í byggð 1704 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var rituð. Jarðarinnar er ekki getið í manntölum 1816, 1835, og 1840 og virðist því í eyði á fyrri hluta 19. aldar. Hún er enn í eyði 1847 og sögð liggja undir Borg

---

[1] **ÍF** I, bls. 50–51.
[2] **ÍF** XIV, bls. 3.
[3] **ÍF** XIV, bls. 6–8.
[4] Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2019.
[5] Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2019, bls. 86–87.
[6] Manntal 1703; hér og annars staðar er vísað í Sóknarmanntöl Þjóðskjalasafnsins sem eru aðgengileg á vefnum manntal.is

þegar Jarðatal Johnsen er tekið saman.[7] Hún virðist hins vegar komast aftur í byggð skömmu síðar og hennar er samfellt getið í manntölum 1855–1910. Af fasteignarmati Kjósarsýslu 1916–1918 má sjá að jörðin er þá í byggð en þar kemur fram að hún tilheyri Brautarholti.[8]

Í bókinni Kjalnesingar er ítarleg grein gerð fyrir eignarhaldi og ábúendum á jörðinni frá 1884.[9] Á því má sjá að á ríflega 60 ára tímabili, á árabilinu 1884 til 1946 (þegar jörðin fellur endanlega í eyði) eru þar tíu mismunandi ábúendur, auk þess sem jörðin er á þessu 60 ára tímabili þrisvar sinnum í eyði, þ.e. 1919–1927, 1934–1935 og 1937–1940. Allflestir af ábúendunum stoppa þar stutt við, sumir jafnvel aðeins í eitt eða tvö ár. Líklega segir þetta nokkra sögu um landgæði jarðarinnar: Fólk staldraði ekki lengur við þar en þurfti þar sem jörðin var rýr og landgæði takmörkuð.

Landshættir á úttektarsvæði

Presthús voru suðvestan við *Presthúsavík* en svo var vestasti hluti Hofsvíkur gjarnan nefndur.[10] Deiliskipulagsreiturinn sem tekinn var út haustið 2019 nær yfir allt landið sem tilheyrði Presthúsum, bæði heimatún og úthaga býlisins. Norðausturhluti deiliskipulagsreitsins var áður talsvert deiglendur en svæðið var ræst fram, líklega um eða upp úr miðri 20. öld, og eru þar nú tún í órækt nærri sjó. Á þessum hluta jarðarinnar hefur verið töluvert landbrot á síðustu áratugum. Sunnan túnanna hækkar landið töluvert og er þar hæð eða holt og í henni víða grónir klettar. Við Presthús kallast holtið *Presthúsahæð* en framhald þess til vesturs er nefnd *Brautarholtsborg*. Norðvesturhluti deiliskipulagsreits er innan umræddrar hæðar en sunnan og suðaustan undan hæðinni er gróið svæði að sjó. Allra nyrst á því var túnið í Presthúsum í eins konar hvilft við sjóinn. Tún Presthúsa eru nú í órækt. Þegar túnakort var gert fyrir heimatúnið í Presthúsum 1916 stóðu þar bæjarhús, líklega úr torfi og grjóti að hluta, með bæjargöngum og kálgarður við en norðvestan við lágu traðir að sjó. Í túninu miðju var stakstæður kálgarður og allra suðvestast í því var útihús (teiknað sem tóft). Nokkru suðvestan við gamla heimatún Presthúsa tekur við deiglent svæði allt að Nesvík en þar var meðal annars tekinn mór á fyrri öldum.

---

[7] **JJ**, bls. 98.
[8] Fasteignamat Kjósarsýslu 1916–1918, bls. 56.
[9] Kjalnesingar, bls. 187–194.
[10] Kjalnesingar, bls. 187.

Tvær yfirlitsmyndir Kristins G. Jónssonar innan úttektarsvæðis. Myndirnar eru teknar í september 2018 og birtar með leyfi. Neðri myndin er tekin yfir hæðunum í Prestshúsum yfir nyrsta hluta landsins. Horft er yfir í Hofsvík að Esju en á efri myndinni sést syðsti eða suðvestasti hluti landareignarinnar.

Árið 1927 var byggt nýtt, steinsteypt íbúðarhús í Presthúsum og var það hús líklega sama hús og notað var sem sumarbústaður eitthvað fram eftir 20. öldinni þótt sjálfsagt hafi verið byggt við það og það endurbætt. Á árunum 1946 til 1960 risu tveir aðrir sumarbústaðir fast ofan (eða norðvestan) við gamla heimatúnið í Presthúsum og sá þriðji líklega um/eftir 1960 (mynd 3).[11]

Mynd 3: Yfirlitsmynd sem sýnir 20. aldar minjar í og við heimatún Presthúsa. Minjarnar eru of ungar til þess að teljast til fornleifa samkvæmt lögum. ©Loftmyndir ehf

Í tengslum við umrædda bústaði voru lagðir vegir að svæðinu úr norðaustri og sjást enn nokkrar útgáfur af vegarslóðum upp Presthúsahæðina, malarstæði fyrir bíla ofan við bústaðalandið, hluti af girðingum sem mörkuðu lóðir og göngustígur að einu húsanna. Steinhúsið og tveir af bústöðunum þremur voru svo rifnir á 10. áratug 20. aldar en sá þriðji hangir enn uppi en er opinn fyrir vðri og vindum og að hruni kominn. Ekkert af umræddum mannvistarleifum telst til fornleifa í lagalegum skilningi og er því ekki fjallað um þær sérstaklega í þessari skýrslu.

Eignarhald Presthúsa tók nokkrum breytingum á fyrri hluta 20. aldar. Um 1930 er jörðin í eigu Brautarholtsfólks en níu árum síðar höfðu Brautarholtsmenn makaskipti á henni og jörðinni

[11] Kjalnesingar, bls. 194.

Hjarðarnesi sem er þar skammt frá. Þegar Axel Þórðarsson, síðasti ábúendinn í Presthúsum, hætti búskap og selur kaupir Mekkínó Björnsson kaupmaður í Reykjavík jörðina og nýtir íbúðarhúsið sem sumarbústað. Mekkíno leigði út þrjár lóðir fyrir sumarbústaði ofan við gamla túnið. Þegar Mekkínó lést 1963 keyptu tveir lögmenn, þeir Agnar Gústafsson og Benedikt Sigurjónsson, landið en Agnar seldi sinn hluta þremur árum síðar til Hjartar Jónssonar kaupmanns í Reykjavík. Landið hélst svo í eigu erfingja þessara tveggja manna sem 2019 samþykktu kauptilboð í jörðina af hendi Kjalarness ehf. Félagið vinnur nú að frekri þróun svæðisins og til stendur að deiliskipuleggja það í samtarfi við Reykjavíkurborg með hugsanlega einhvers konar íbúabyggð í huga og ferðaþjónustu og annari þjónustustarfsemi.

6 Fornleifar innan deiliskipulagsreits

Við skráningu innan marka deiliskipulagsreits í Presthúsum haustið 2019 voru samtals skráðar 27 minjastaðir. Flestar minjarnar voru innan, eða í grennd við, heimatún Presthúsa. Skráðar minjar innan deiliskipulagsreits voru mjög fjölbreytilegar og má nefna bæjarstæði, kálgarða, huldufólksbústaði og naust sem dæmi. Hér neðar verður fjallað um minjar innan svæðisins en í viðauka II fylgja minjakort af svæðinu.

Almenna reglan um minjadreifingu hér á landi er sú að hún er lang þéttust í og við heimatún gamalla jarða en úr fjölda minja dregur því lengra sem farið er frá heimatúni. Því kemur það ekki að óvart að flestar af þeim fornleifum sem skráðar voru í Presthúsum hafi reynst í og við heimatúnið. Þar sem gamli bærinn (GK-292b:001) stóð er nokkur grænka í túninu sem sker sig úr umhverfinu en í raun er ekki hægt að tala um eiginlegan bæjarhól á þessu svæði og engin ummerki eru um eldri bæi. Sennilegt er að íbúðarhús (b. 1927, rifið á 10. áratug 20. aldar) hafi máð út merki eldri bæja. Þótt yfirborðsummerki séu svo til horfin er líklegt að einhverjar mannvistaleifar leynist undir sverði á þessum slóðum. Svipaða sögu er að segja um útihús (GK-202b:002), kálgarð (GK-202b:003) og túngarð (GK-202b:004). Á þessum stöðum sjást veigalítil yfirborðsummerki um þau mannvirki sem vitað er að stóðu áður á þessum stöðum en vænta má mannvistar undir sverði. Niðurgrafnar traðir (GK-292b:005) sem eru fast norðvestan við Presthúsbæ eru hins vegar sæmilega varðveittar þótt nyrsti hluti þeirra sé líklegast horfinn vegna landbrots. Auk þessara mannvirkja sem öll eru sýnd á túnakorti frá 1916 eru tvær aðrar fornleifar í eða skammt utan við jaðar gamla túnsins sem hvorugar eru á gamla túnakortinu. Annars vegar er það torf- og grjóthlaðinn kálgarður (GK-292b:008) í suðurjaðri heimatúnsins. Hann er líkast til á mörkun þess að teljast til fornleifa samkvæmt laganna skilningi (sem miðar við mannvirki 100 ára og eldri) en var þó tekinn með sem heimild um matjurtarækt Kjalnesinga fyrr á tíð. Hins vegar er það lítil og tvískipt tóft, líklega útihús (GK-292b:007) í túnjaðrinum, NNV við gamla bæinn.

Tvær tóftir voru skráðar sem gætu verið naust. Rétt norðan við Presthúsbæ 001, frammi á grónum sjávarbakka, eru greinileg ummerki um naust (GK-292b:009). Tóftin er grjóthlaðin og vel varðveitt þótt mögulega hafi eystri hluti hennar horfið vegna landbrots. Einnig var skráð ógreinileg þúst (GK-292b:021), skammt sunnan við heimatún Presthúsa og við sjóinn. Lögun þústarinnar og staðsetning gæti bent til þess að hún hafi einnig verið notuð sem naust en hún er talsvert sigin og illgreinanleg og því erfitt að fullyrða nokkuð um það með vissu.

Talsvert deiglendi er á syðri hluta þess landsvæðis sem tilheyrir Presthúsum. Á þessu svæði voru skráðar tvær stórar mógrafir (GK-292b:016–017). Grafirnar eru djúpar og enn blautar og má ætla að stunga þar hafi verið góð. Við báðar mógrafirnar fundust tóftir sem líklega eru af torfhlöðnum mókofum. Mókofi (GK-292b:026) hefur verið lítill og vegghleðslur hans eru mjög signar en ummerki um mókofa (GK-292b:011) voru talsvert skýrari og má þar greina allt að eins metra háa torfveggi.

Á norðurhluta úttektarsvæðis, við Presthúshæð, var skráður huldufólksbústaðurinn Sleggja (GK-292b:015). Sleggja er áberandi klettadrangi sem lítur út eins og fiskisleggja, og er talið að álfar hafi búið þar. Annar staður í grendinni sem á var huldufólkstrú er Langagjóta (GK-292b:013). Miðað við örnefnalýsingu virðist Langagjóta sunnan eða suðaustan við Presthús, við sjó en ekki tókst að staðsetja örnefnið nákvæmlega við skráninguna.

Á herforingjaráðskorti frá upphafi 20. aldar má sjá að leið (GK-292b:014) lá frá veginum að Brautarholti og að Presthúsum. Gatan lá meðfram norðurhluta strandarinnar, framhjá nausti GK-292b:009 og endar skammt norðan við heimatún Presthús, ekki langt frá Sleggju GK-292b:015. Gatan var notuð fram eftir 20. öld og sjást enn merki um yngsta notkunarskeiðið.

Auk þeirra minja sem hér hafa verið taldar upp var skráð stök varða (GK-292b:006) á vesturhluta svæðisins, sem líklega hefur markað landamerki. Lítil tóft (GK-292b:020) fannst við norðurhluta Presthúshæðar en óvíst er í hvaða tilgangi hún var hlaðin og veigalítið áveitugarðlag (GK-292b:019) á austurhluta úttektarsvæðis.

Að lokum má geta um nokkrar minjar sem skráðar voru en teljast annað hvort óræðnar (GK-292b:012, 022–025) eða eru á mörkum þess að teljast til fornleifa í lagalegum skilningi vegna aldurs (GK-292b:010, 018). Að geymslu og kálgarði GK-292b:018_01-02 undanskildum er ekki ljóst hvaða hlutverki umræddir minjastaðir gegndu. Ekki er hægt að útiloka að þústir GK-292b:012, 022 og garðlög GK-292b:023, 025 hafi myndast við rask á 20. öld eða séu náttúrusmíði en lögun þeirra var þó of regluleg til þess að það væri talið líklegt. Þurfi umræddir staðir að víkja er ljóst að frekari fornleifarannsókna yrði þörf til þess að skera úr um hvort um fornleifar sé að ræða og hvert hlutverk þeirra gæti hafa verið. Rétt er að geta þess að ástæða þess að óljósar þústir sem kunna að vera á mörkun þess að teljast til fornleifa eru skráðar er sú að framkvæmdir eru alla jafna óafturkræfar. Mikilvægt er því að láta fornleifar njóta vafans og skrá allar þær minjar sem óvissa

ríkir um þar sem þekking um þessa staði myndi hverfa ef það yrði látið hjá líða að ganga úr skugga um eðli þeirra og aldur.

Lokaorð

Eins og áður hefur komið fram liggur endanleg hönnun uppbyggingar innan deiliskipulagsreits ekki fyrir. Því var fylgt þeirri meginreglu að flokka allar minjar innan marka deiliskipulagsins í „stórhættu“ vegna framkvæmda ef frá eru taldir þrír staðir sem eru í stórhættu vegna landbrots. Þrátt fyrir þetta er ljóst að ekki er ráðgerð þétt uppbygging innan alls svæðisins og í mörgum tilfellum ætti að vera mögulegt að hlífa minjum við raski í tengslum við framkvæmdir og er það ætlun framkvæmdaaðila að taka tillit til minja eins og hægt er við skipulag svæðisins. Ólíklegt er þó annað en að á einhverjum stöðum muni fyrirhugaðar framkvæmdir raska minjum og í þeim tilfellum mun Minjastofnun Íslands skera úr um hvort byggingaráform geti haldið áfram óbreytt og þá með hvaða skilyrðum. Rétt er að minna á að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi minjastaðanna. Ljóst er að gildi minjanna er mismikið enda spanna þeir allt frá bæjarstæði að óverulegum þústum og stakri vörðu.

Að endingu má minna á að minjadreifing er að öllu jöfnu þéttust í og við heimatún jarða. Fornleifar innan túns voru einkum skráðar af túnakorti frá 1916 en lítið er vitað um möguleg mannvirki innan þess frá fyrri öldum. Ekki er ólíklegt að fleiri hús hafi verið í túninu og að áður óþekktar minjar kunni að koma í ljós við framkvæmdir. Sökum þessa má skilgreina heimatúnið sem sérstakt hættusvæði þegar kemur að hönnun og uppbyggingu svæðisins.

Heimildaskrá

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers.* Lundur, Gleerup.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2019. *Hof á Kjalarnesi: Deiliskráning vegna fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar.* FS740-19071. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

ÍF: *Íslensk fornrit.* 1935–2002. I–XVII. bindi. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III: Gullbringu- og Kjósarsýsla.* 1943. II. bindi. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

Kjalnesingar: Þorsteinn Jónsson. 1998. *Kjalnesingar: Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890.* Reykjavík, Esjuútgáfan og Byggðir og bú ehf.

Lög um menningarminjar 80/2012.

Manntal. Þjóðskjalasafn Íslands: Manntöl. Aðgengilegt á http://manntal.is/ (skoðað september 2019).

NJÍ: *Ný Jarðabók fyrir Ísland.* 1861. [Höfund vantar]. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

Óútgefið efni

Fasteignamat 1916–1918: *Gjörðabók fasteignamatsnefndar Kjósarsýslu.* 1916–1918. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

Herforingjaráðskort 27 NA: Reykjavík. 1:50.000. Útgáfuár 1909.

Loftmynd frá Loftmyndum ehf., september 2019.

Óútgefin fornleifaskráning fyrir Presthús. Borgarsögusafn. Send með tölvupósti þann 3. júlí 2019.

Túnakort 1916: Túnakort Kjalarneshrepps. 1916. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Brautarholt: Örnefnaskrá Brautarholts. 1967. Svavar Sigmundsson skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Brautarholt Aths. GJ: Örnefnaskrá Brautarholts: Athugasemdir Gunnlaugs Jónssonar. 1968. Svavar Sigmundsson skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn

Kristinn Gylfi Jónsson, 07.07.1963

Hnitakort

Samtala	A	N
GK-292b:001	360868	417598
GK-292b:002	360846	417541
GK-292b:003	360868	417568
GK-292b:004	360831	417570
GK-292b:005	360902	417624
GK-292b:006	360581	417627
GK-292b:007	360850	417634
GK-292b:008	360878	417530
GK-292b:009	360886	417689
GK-292b:010	360910	417758
GK-292b:011	360514	417411
GK-292b:012	360967	417900
GK-292b:013		
GK-292b:014	360882	417703
GK-292b:015	360864	417665
GK-292b:016	360380	417226
GK-292b:017	360551	417416
GK-292b:018	360806	417640
GK-292b:019	360790	417414
GK-292b:020	360688	417705
GK-292b:021	360755	417407
GK-292b:022	360737	417712
GK-292b:023	360798	417696
GK-292b:024	360661	417712
GK-292b:025	360842	417485
GK-292b:026	360339	417291
GK-297:113	360266	417207

Minjakort

Svæði 1
Svæði 2
Skýring
Mörk skipulagssvæðis
Skráðar fornleifar
0
75
150
225
300 m


292b012
292b010
292b024
292b022
292b020
292b023
292b014
292b009
292b018
292b015
292b007
292b005
292b001
292b003
292b004
292b002
292b008
292b025
292b021
292b019
Svæði 1
Skýring
Mörk skipulagssvæðis
Skráðar fornleifar
0 25 50 75 100 m


292b006
292b011
292b016
292b026
292b017
297113
Svæði 2
Skýring
Mörk skipulagssvæðis
Skráðar fornleifar
0 25 50 75 100 m